

**Ed.**

### **537. Breytingartillögur**

við frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna í 2. málsg. „súru skyri“ komi: fullverkuðu súru skyri.
2. Við 2. gr. Á eftir 2. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:  
Fyrir þær kýr, sem undanþága þessi nær ekki til, innan kaupstaðarins eða kaupsýnsins, skal greiða verðjöfnunargjald, sem miðast við 3000 litra ársnyt á kú hverja.
3. Við 5. gr.

a. Tveir fyrstu másl. greinarinnar orðist svo:

Þar, sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu á neytlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr. 2. másl. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala og dreifing á þessum vörum fara fram frá einni sölumiðstöð. Heimilt er stjórn samsölunnar að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annara mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða. Skulu öll mjólkurbú og félög framleiðenda, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum á svæðinu, skipa stjórn, sem annast alla sölu og dreifingu og aðrar framkvæmdir sölusamlagsins.

Þar, sem svo stendur á sem segir í 1. málsg., skal öðrum óheimilt að starfrækja sölubúðir með mjólk, rjóma og nýtt skyr í hlutaðeigandi kaupstað eða kaupstöðum. Sölustjórn getur, þyki henni sérstök ástæða til, veitt leyfi til að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns. En framleiðanda er jafnan heimilt að taka til eigin neyzlu mjólk þá, er hann framleiðir á heimili sínu, án þess að hún gangi í gegnum sölumiðstöð eða hreinsunarstöð.

Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kaupún skuli tekin undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra með þessar afurðir.

b. Síðasti másl. fyrstu málsgr. orðist svo:

Fyrst um sinn, til 1. maí 1935, skal stjórn samsölunnar á verðlags- svæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vera í höndum mjólkursölunefndar. Nú kemst á samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði um að taka stjórn samsölunnar í sínar hendur, og skal þeim það heimilt, ef samþykki landbúnaðarráðherra kemur til. Að öðrum kosti fer mjólkursölunefnd með þessi mál þangað til samkomulag þetta hefir komizt á, að dómi landbúnaðarráðherra.

c. Aftan við 4. málsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af mjólkursölunefnd í samráði við stjórn heilbrigðismálanna um framleiðslu barnamjólkur.

4. Við 14. gr. Við greinina bætist:

Mjólkurafurðir þær, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga þessara, skulu gerðar upptækar, og rennur andvirði þeirra í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningatækja, sem flytja visvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurafurðir inn á sölusvæði, skulu sæta ábyrgð og sektum fyrir brotið.